

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Stofnað 1889

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndadeild
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. 5 120 / 1253

komudagur 26/3 1996

Varðar: Frumvarp til upplýsingalaga

Félag íslenskra bókaútgefenda fagnar því að fram skuli komið frumvarp til laga um upplýsingalög en lög til að tryggja aðgang almennings, fréttamanna og fræðimanna að upplýsingum og gögnum í stjórnkerfinu hefur lengi skort á Íslandi. Um leið verður félagið að lýsa vonbrigðum sínum yfir þeim takmarkaða tíma sem því er gefinn til að skoða frumvarpið; þrír virkir daga nægja enganvegin til ýtarlegrar umfjöllunar hjá fjölmennri félagsstjórn og því áskilur félagið sér rétt til að láta álit sitt í ljós að nýju á síðari stigum ef þörf krefur.

Það er bókaútgefendum og höfundum nauðsynlegt að eiga greiðan aðgang að hverskonar heimildum, ekki síst sagnfræðilegum og er nútímasaga þar langtífrá undanskilin. Frumvarpið virðist í fljótu bragði svara flestum þeim kröfum er uppi hafa verið um aðgang að upplýsingum; þó vill félagið á þessu stigi gera athugasemdir við nokkur atriði, einkum þau er varða takmarkanir og undanþegin gögn.

Skiljanlegt er að nokkrar takmarkanir séu tímabundið á upplýsingarétti þar sem almannahagsmunir vega þyngra, t.d. varðandi öryggi ríkisins og varnir gegn afbrotum eða um einkamálefni sbr. 9. gr.

Erfitt er hinsvegar að sjá hversvegna fundargerðir ríkisráðs og ríkisstjórnar, skjöl og minnisgreinar skuli undanþegin, svo og bréfaskipti við sérfróða menn vegna dómsmála eða vinnuskjöl stjórnvalda, nema augljóst sé að þessi gögn innihaldi leynilegar upplýsingar fyrrnefnds eðlis og mætti þá fremur taka afstöðu hverju sinni með tilliti til efnis en að undanþiggja þau alfarið (4. gr.). Vert er einnig að benda á að hætta getur verið á geðþóttaákvörðunum um hvað nefnt er "vinnuskjal" eða "minnisgrein" í þessu sambandi og að einstök stjórnvöld geti þannig skotið sér undan ákvæðum laganna. Þá verður ekki séð þörf á leynd um samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir almennt (6. gr. 2).

Bókaútgefendur hljóta að mæla gegn óheyrilega löngum tíma sem gert er ráð fyrir að takmarkanir gildi um undanþegin gögn, annarsvegar þrjátíu ár og áttatíu ár hinsvegar (8. gr.). Þetta er óbarflega og alltof langur tími í báðum tilvikum og dregur mjög úr gagnsemi fyrirhugaðra laga.

Að öðru leyti fagnar Félag íslenskra bókaútgefenda því að hér er loks komið til móts við þarfir útgefenda, höfunda, fræðimanna, blaðamanna og almennings fyrir hindrunarlitinn aðgang að upplýsingum um stjórnsýslu ríkis, sveitarfélaga og annarra ákvörðunaraðila.

Virðingarfyllt

f.h. Félags íslenskra bókaútgefenda
Reykjavík, 25. mars 1996


Vilborg Harðardóttir framkvstj.

Sent í faxi 25-03-96
Póstlagt sama dag